

Kaplakrikahópurinn 13. júní 2019

Fundurinn hófst 11:00 og lauk 12:15

Fundurinn fór fram í Bæjarráðssal, Strandgötu 6

Mættir: Sveinn Reynisson formaður, Skarphéðinn Orri Björnsson, Valdimar Svavarsson, Ásmundur Ingvarsson og Viðar Halldórsson.

Starfsmenn: Geir Bjarnason, Rósa Steingrímisdóttir, Sigríður Kristinsdóttir og Helga Stefánsdóttir.

Fjarverandi:

Gestur:

1. Eignaskiptasamningur. Aðilar sammála að skoða nánar hvort sé um að ræða hlutdeild í uppbyggingu eða „styrk“ bæjarins eins og hann er nefndur í tveim elstu samningum fyrir 1988. FH leggur fram til skoðunar samning milli Hafnarfjarðarbæjar, FH og Hauka varðandi frágang á eignaraðild og óskar FH eftir að samningur þessi skoðist af Kaplakrikahópnum sem innlegg í skilgreiningu „styrkja“. Hafnarfjarðarbær skoðar gögn sem sýna hvernig var farið með framlag Hafnarfjarðarbæjar vegna uppbyggingar á gamla Haukahúsinu á þessum tíma.
2. Útreikningar á verðmæti matshluta 03, þar eru aðilar ekki sammála um verðmat né hlutdeild hvors aðila. FH skoðar málið betur.
3. FH telur að sundurliða þurfi ca. 3,4 milljarða framlagðar kostnaðartölur árána 2006 – 2017 milli þeirra þriggja mannvirkja sem byggð voru á þessum árum. Frjálsþróttahús, stúka, félags- og búningaástaða og þá samhliða skoða afskriftir vegna þessa. Einnig óskar FH eftir verðmætamati hvers ofangreindar mannvirkja fyrir sig.
4. FH veltir upp hugmynd að hugmyndafræði um hvernig leysa megi eignaskiptin þannig að báðir aðilar verði sáttir. Þannig verði áherslan á heildarmyndina og heildarhlutföll í stað þess að einblína á einstaka eignarhluta. FH mun senda grófa hugmynd á nefndina og um leið leggja fram tillögu að því hvaða eignir séu hvers eftir þessi skipti. Almennt tekið vel í þessa nálgun og ákveðið að skoða hana áfram.
5. Rætt um afnota/rekstrarmál Risa, Dvergs og Skessunnar og verður það rætt nánar á næsta fundi. FH óskar eftir afstöðu Kaplakrikahópsins varðandi skilgreiningu á „afnotasamningi“.

Næsti fundur verður 1. júlí kl. 8:30

Geir ritar fundargerðina



Orri Björnsson
Valdimar Svavarsson
Ásmundur Ingvarsson
Sveinn Reynisson